

---



## EVROPUMIÐSTÖÐIN FYRIR ÞRÓUN Í SÉRKENNSLU

### UM STOFNUNINA

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu er sjálfstæð stofnun sem aðildarlönd okkar komu á laggirnar sem samstarfsvettvangur þar sem unnið væri að málefnum nemenda með sérþarfir.

Það eru menntamálaráðuneyti aðildarþjóðanna (ESB-landanna og Íslands, Noregs og Sviss) sem standa að rekstri miðstöðvarinnar og við njótum einnig stuðnings frá stofnunum Evrópusambandsins í gegnum Jean Monnet áætlunina sem heyrir undir símenntunaráætlun Evrópusambandsins.

Við önnumst söfnun, vinnslu og miðlun upplýsinga á Evrópuvísu sem og innan einstakra landa og veitum aðildarlöndum okkar tækifæri til að læra hvert af öðru með því að miðla ýmiss konar þekkingu og reynslu sín á milli.

Starfsáætlanir okkar nú og til framtíðar endurspeglar hvort tveggja í senn forgangsmálefni aðildarlandanna og umsamda stefnu ESB varðandi nemendur með sérþarfir og virka þátttöku þeirra í almennu námi.

Meginmarkmið okkar er að efla menntastefnu og skólastarf sem miðar að því að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda – einnig þeirra sem eru með sérþarfir. Um er að ræða málefna á borð við jöfn tækifæri, aðgengi, nám án aðgreiningar og aukin gæði menntunar, en jafnframt er litið til þess að um mismunandi stefnu, starfshætti og kennslufræðilegt samhengi er að ræða í viðkomandi löndum.

### SAGAN

Evrópumiðstöðin var stofnuð árið 1996. Aukið samstarf á sviði sérkennslu sem þróast hafði milli ýmissa landa innan Evrópusambandsins og Norðurlandanna varð til þess að henni var komið á fót.

Þetta samstarf var afar mikilvægt og leiddi meðal annars til þess að útfærðar voru ýmsar séráætlanir fyrir nemendur með sérþarfir sem og þá sérfræðinga sem komu að málum.

Þessar áætlanir áttu mikinn þátt í þróun sérkennslu um alla Evrópu. En þær leiddu einnig í ljós að áframhaldandi þörf var fyrir stöðuga og kerfisbundna uppbyggingu á evrópsku samstarfi á þessu sviði sem gerði víðtækari miðlun upplýsinga og reynslu, jafnt milli landa sem innan þeirra, auðveldari í sniðum og þá yrði hægt að auka gæði úrræða.

Það var í þessu samhengi sem Evrópumiðstöðin varð til. Við reynum að greiða fyrir nákvæmri og áreiðanlegri upplýsingamiðlun um aðstæður í hverju landi fyrir sig svo að greina megi styrkleika og veikleika í stefnu þeirra og hvernig henni er í raun framfylgt.

### SAMSTARF VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Við eigum mikið samstarf við aðrar helstu stofnanir og samtök á sviði sérkennslu og menntamála almennt, bæði innan Evrópu og á alþjóðlegum vettvangi.

Þar á meðal framkvæmdastjórn ESB og stofnanir á hennar vegum – Eurydice (Upplýsinganet um menntamál í Evrópu), Eurostat (Hagstofu Evrópusambandsins) og



Cedefop (Starfsmenntastofnun Evrópu), sem og aðrar stofnanir, svo sem OECD (Efnahags- og framfarastofnun), UNESCO (Menningarmálastofnun SP) og Evrópuráðið. Þannig getum við vísað þeim sem til okkar leita til þeirra stofnana sem veitt geta upplýsingar og hafa sérfræðikunnáttu sem við búum ekki yfir.

Evrópumiðstöðin er í samstarfi við framkvæmdastjórn ESB, Evrópuþingið og þær þjóðir sem eru í forsæti ESB hverju sinni, bæði í daglegum störfum sem tengjast undirbúningi viðburða á Evrópuvísu og í pólitísku starfi sem snýr að því að tryggja að forgangsmál aðildarlanda Evrópumiðstöðvarinnar og markmið Evrópusambandsins endurspeglast í allri starfsemi okkar.

## MEGINREGLURNAR

Öll starfsemi okkar fer fram með hliðsjón af öllum helstu alþjóðlegu yfirlýsingum á sviði sérkennslu, svo sem viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna, Salamanca-yfirlýsingunni, Lúxemborgarstofnskránni, ályktunum ráðs ESB um nám án aðgreiningar, Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fatlanir og Lissabonyfirlýsingunni um álit ungmenna varðandi nám án aðgreiningar.

Við reynum ávallt að leggja áherslu á og stuðla að því að reglum um jöfn tækifæri sé fylgt með greiðu aðgengi að námi þar sem tekið er tillit til einstaklingsbundinna þarfa og góð menntun sem hlúir að styrkleikum hvers og eins stendur öllum til boða.

## HELSTU MARKMIÐIN

- Að auka gæði á sviði sérkennslu með stöðugum langtímaáætlunum um víðtækt samstarf Evrópulandanna.
- Að gefa áreiðanlega mynd af stöðu sérkennslumála í Evrópu með nýjum upplýsingum sem tengja má aðstæðum í hverju landi fyrir sig.
- Að skilgreina hvaða meginþættir það eru sem koma í veg fyrir eða stuðla að jákvæðri reynslu.
- Að gera miðlun upplýsinga og reynslu skilvirka og auðveldar meðal aðildarþjóðanna sem og innan þeirra.
- Að veita stefnumótandi aðilum og fagfólki gott aðgengi að nauðsynlegum gögnum með því að bjóða upp á tækni og þjónustu sem gerir alla upplýsingamiðlun og samskipti milli viðkomandi aðila auðveldari en ella.

Við leggjum áherslu á að bjóða upp á fjölbreytni í námi. Aðildarþjóðirnar tilgreina forgangsmálefni og hugað er sérstaklega að stefnu í menntamálum og hvernig henni er framfylgt í starfi, svo sem með tölfræðilegum gögnum, mælingum og tillögum um stefnumótun.

## ÚTGÁFUEFNI OG ÞJÓNUSTA

Við veitum upplýsingar um ýmsa málaflokka, svo sem um skjót afskipti, námsmat í skólum án aðgreiningar, fjárveitingar til menntamála, nám án aðgreiningar og kennslustarfið og umskipti úr skóla og yfir í atvinnulífið.



Starfsáætlun okkar nær einnig til forgangsmálefna á borð við nemendur með sérþarfir og af innflytjendaættum, menntun kennara í skólum án aðgreiningar, og aðgengi að starfsmenntun og æðri menntun.

Upplýsingar þar að lútandi eru birtar í fréttabréfum og ýmsu útgáfuefni og skýrslum, sem og á heimasíðu okkar. Við greiðum einnig fyrir samskiptum þeirra sem nýta sér starfsemi okkar og skipuleggjum námskeið, ráðstefnur, viðburði, námsferðir og kennara- og nemendaskipti.

Útgáfuefni Evrópumiðstöðvarinnar er fáanlegt á prenti sem og á heimasíðu Evrópumiðstöðvarinnar ([www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)) en þar eru einnig gagnagrunnar yfir ýmsa málaflokka og samanburðargögn, auk sérstakrar vefupplýsingaþjónustu og upplýsingasíðna um hverja aðildarþjóð.

Aðaltungumál okkar er enska en við birtum eins mikið af upplýsingum og unnt er á tungumálum aðildarlandanna.

Markmiðið með öllu þessu starfi er að sýna hver staða sérkennslumála í Evrópu raunverulega er á grundvelli samevrópskra upplýsinga, sem og upplýsinga frá einstökum löndum sem hægt er að heimfæra á aðstæður þar.

## EVROPUSAMSTARFIÐ

### Fulltrúaráð

Fulltrúaráðið tekur ákvarðanir um helstu grundvallarreglurnar í starfsemi Evrópumiðstöðvarinnar. Þeir sem þar eiga sæti – einn frá hverju aðildarlandi – eru tilnefndir af menntamálaráðuneytinu í sínu landi og eru fulltrúar sinnar þjóðar innan Evrópumiðstöðvarinnar.

### Stjórn Evrópumiðstöðvarinnar

Stjórnin samanstendur af stjórnarformanni og fimm aðilum sem kosnir eru úr fulltrúaráðinu og vinnur með forstjóra Evrópumiðstöðvarinnar að því að tryggja að áætlanir og ákvarðanir séu innleiddar á skilvirkan hátt.

### Starfsfólk Evrópumiðstöðvarinnar

Starfsfólkið sér um að samræma alla starfsemi Evrópumiðstöðvarinnar undir stjórn forstjórans.

### Verkefnastjórar og sérfræðingar

Verkefnastjórar sem tilnefndir eru af aðildarlöndunum sjá um að samræma í sínu landi allar þær upplýsingar sem berast til og frá Evrópumiðstöðinni og halda uppi skilvirku netsamstarfi. Þeir eru í samvinnu við viðkomandi starfsfólk og bera ábyrgð á því að unnið sé úr upplýsingum og þeim dreift skilvíslega innan síns lands. Sérfræðingar eru tilnefndir til að auðvelda úrvinnslu, greiningu og mat á upplýsingum sem tengjast þeim verkefnum sem Evrópumiðstöðin stendur fyrir.

## NÁNARI UPPLÝSINGAR UM EVRÓPUMIÐSTÖÐINA

Beina skal spurningum um aðstæður í aðildarríkjum okkar til aðila í fulltrúaráðinu eða verkefnastjórans í viðkomandi landi. Upplýsingar um þá er að finna á heimasíðu okkar.



Ef óskað er eftir fleiri almennum upplýsingum um Evrópumiðstöðina skal fyrst leita þeirra á heimasíðunni.

Nánari upplýsingar um starfsemi eða útgáfuefni Evrópumiðstöðvarinnar má fá hjá aðalskrifstofunni í Danmörku eða skrifstofunni í Brussel.

Aðalskrifstofa:

Østre Stationsvej 33

DK-5000 Odense C

Denmark

Sími: +45 64 41 00 20

[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

Skrifstofa í Brussel:

3, Avenue Palmerston

BE-1000 Brussels

Belgium

Sími: +32 2 280 33 59

[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)

[www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)